


Fornleifaskráning vegna stígagerðar í Litladal, Patreksfirði



Atli Rúnarsson

NV nr. 09-23

Mars 2023


 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning: Mars 2023
Skýrsla nr: 09-23	Verknúmer: 635	Dreifing: <input type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til: <input type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning vegna stígagerðar í Litladal, Patreksfirði		Blaðsíður:
		Upplag:
Höfundur: Atli Rúnarsson		Fjöldi korta:
		Gerð skýrslu/verkstig:
Verkefnisstjóri: Margrét H. Hallmundsdóttir		Unnið fyrir: Skógræktarfélag Patreksfjarðar
Útdráttur Fornleifaskráning vegna stígagerðar í Litladal, Patreksfirði.		
Lykilorð íslensk: Fornleifaskráning, stígagerð, skógrækt, Litlidalur, Patreksfjörður		Lykilorð ensk: Archaeological Survey, path making, forestry, Litlidalur, Patreksfjörður
Undirskrift verkefnastjóra: Margrét Hallmundsdóttir		Yfirfarið af:

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	1
2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ.....	2
3. AÐFERÐAFRÆÐI	2
3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	2
3.2 SKRÁNING FORNLEIFA.....	4
4. SAGA GEIRSEYRAR.....	4
5. HEIMILDASKRÁ.....	6
6. FORNLEIFASKRÁ.....	7
7. NIÐURSTÖÐUR.....	10
8. KORT	11

1. INNGANGUR

Að beiðni Skógræktarfélag Patreksfjarðar gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu vegna stígagerðar í Litladal ofan við þorpið Patreksfjörð. Skráningarsvæðið var um 11.5 hektarar og á því var fyrirhugað að gera upp og leggja nýja stíga. Í bréfi frá Minjaverði Vesturlands, dagsett 16. september 2022, kom fram að sveitarfélagið Vesturbyggð hafði fengið ábendingu um að verið væri að leggja stíga yfir fornminjar og var þá vísað til fornrar leiðar sem liggur um dalinn og yfir Lambeyrarháls og yfir í Tálknafjörð. Lagðir voru stígar yfir leiðina á um 250 metra kafla, ekki hafði verið sótt um framkvæmdarleyfi og Minjastofnun Íslands fékk þessa framkvæmd ekki til umsagnar og var hún stöðvuð þar til fornleifaskráning hafði farið fram á svæðinu.



Mynd 2. Staðsetning skráningarsvæðisins í Litladal merkt inn á Íslandskort með gulri stjörnu.



Mynd 1. Innan rauða hringsins má sjá þar sem leið 2906-001 raskast af framkvæmdunum.

Vettvangsrannsókn fór fram þann 6. mars 2023 og var framkvæmd af Atla Rúnarssyni, fornleifafræðingi hjá Náttúrustofu Vestfjarða, og sá hann einnig um skýrslugerð.

2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ

Skráningarsvæðið er um 11.5ha í Litlidal ofan við þorpið Patreksfjörð. Litlidalur lá nær beint í norðaustur átt frá Geirseyri og um hann lá gamall reiðvegur frá Geirseyri, yfir Lambeyrarháls að Lambeyri í Tálknafirði.¹ Landið hallar til suðvesturs og er í fjallshlíð.

3. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir jarðarinnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki og myndir teknar. Engin fornleifaskráning hafði farið fram áður á svæðinu.

3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að löggin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga löggin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og

¹ Sögur og Sagnir, 2019

byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernnd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta

þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

3.2 SKRÁNING FORNLEIFA

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 2906 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 2906-001.

4. SAGA GEIRSEYRAR

Litlidalur var innan jarðarinnar Geirseyri. Elsta heimild um Geirseyri var skiptagjörningur Björns ríka Þorleifssonar árið 1467.² Einhverjar deilur hafa svo orðið um jörðina eftir fráfall Björns, en næst var jarðarinnar getið í eignaskiptabréfi bræðranna Þorleifs og Einars Björnssonar frá 1480 og fjallaði það um erfðadeilur þeirra bræðra eftir að móðir þeirra, Ólöf Loptsdóttir, féll frá.³ Næst var minnst á Geirseyri í skrá og reikningsskap Björns Guðnasonar um jarðagóss og eignir Bjarna Andréssonar, mágs hans, er þá var fallin frá og var jörðin þá metin á þrjátíu hundruðir.⁴

Eitthvað virðast erfðadeilur um Geirseyri hafa haldið áfram en í bréfi frá 1517 var sagt frá því að Bjarni Andrésson gæfi Helgu Gísladóttur til ævinlegrar eignar jörðina Geirseyri með tíu kúgildum, og skrifaði Ari Guðlaugsson prestur bréfið sem vitni af samkomulagi þeirra og þar sagði einnig að hann gæfi henni Geirseyri til frjálssar notkunar frá sér og sínum erfingjum til Helgu og hennar erfingja.⁵ Í bréfi frá 1521 vottaði Ormur nokkur Tumason um það sama og Ari prestur gerði,⁶ en í bréfi frá 1525 segir Guðrún Björnsdóttir að hún hafi fengið þrjátíu hundruðir í Geirseyri sem hluta af sinni heimanfylgju og ætti þar með tilkall í hluta jarðarinnar.⁷

² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 46-53

³ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 6. bindi, 1947-1950, bls. 254-255

⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 267

⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 639

⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 823-824

⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 9. bindi, 1947-1950, bls. 270-271

Næst var sagt frá Geirseyri í eignaskiptabréfum frá 1556⁸ og 1557⁹ og í Reikningakveri Eggerts Hannessonar árin 1570-1571.¹⁰

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 var sagt að á Geirseyri hafi verið bænhus sem var fyrir löngu eyðilagt og var jörðin metin 20 hundruð, að frátekinni Vatneyri. Jörðin var þá í eigu Ívars Þórólfssonar, Jóns Erlendssonar og barna Jóns Jónssonar í Vatnsdal, og Bjarni Egilsson bjó á hluta jarðarinnar og Ívar Þórólfsson á sínum hluta. Landskuldin og leigukúgildin á hluta Ívars voru ekki skrifuð þar sem hann bjó þar sjálfur en landskuldin af hluta Jóns Erlendssonar voru 4 vættir 2 fjórðungar. Af hluta barna Jóns Jónssonar var landskuldin 1 vætt 1 fjórðungur og borgaðist skuldin í fiski á Eyri. Við til húsbygginga lagði leiguliðinn. Leigukúgildin voru á hluta Jóns Erlendssonar 4 og á hluta barna Jóns Jónssonar 1 og var leigan greidd með fiski eða smjöri. Engar kvaðir voru á jörðinni. Þegar jarðabókin var skrifuð voru samtals á Geirseyri 6 kýr, 2 kvígur, 41 ær, 25 geldir sauðir, 19 gemlingar og 1 hestur. Rifhrís var sagt mjög lítið og silungsveiði lítilsháttar, nýttist hún aðeins til beitu, en hrognkelsataka var góð á milli krossmessu og sumarmála. Heimræði var þar áður en fiskur lagðist frá fjórðum. Veturinn 1703 hafði Geirseyrartún hlotið stóran skaða af árhlaupi, einnig var sagt að það væri hættulegt að búa í bænum vegna voða af áнна og að það yrði að flytja bæinn.¹¹

Í jarðabók Johnsen frá 1847 var Geirseyri enn metin að 20 hundruðum í dýrleika og landskuldin var 1, kúgildi 5 og ábúendur voru 1 leigjandi,¹² en í Ný jarðabók fyrir Ísland frá 1861 var Geirseyri metin á 15.8 hundruðir.¹³

Um Litladal segir í örnefnaskrá að „*Eftir Litladal er Litladalsá (29). Hún var virkjuð fyrir þorpið. [...] Litlidalurinn er með Veturlandafjallinu að vestan. Innst inni er Litladalsbotn (31), og í botninum er gil, sem heitir Eyvarargil (32).*“¹⁴ Litladalsá var virkjuð af Pétri Ólafssyni árið 1911.¹⁵

⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 13. bindi, 1947-1950, bls. 152

⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 13. bindi, 1947-1950, bls. 175-176

¹⁰ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 484 & 488

¹¹ Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1924, bls. 333

¹² J. Johnsen, 1847, bls. 183

¹³ Ný jarðabók fyrir Ísland, 1861, bls. 74

¹⁴ Örnefnaskrá - Geirseyri og Vatneyri

¹⁵ Hafsteinn Davíðsson, 1969, bls. 152

5. HEIMILDASKRÁ

(án dags.). *Örnefnaskrá - Geirseyri og Vatneyri*. Örnefnastofnun Íslands.

Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1924). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla*. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1-16. bindi. (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Hafsteinn Davíðsson. (1969). Er skipulagsbreytingar þörf í raforkuiðnaðinum. *Sveitastjórnarmál*, bls. 152-158.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

Ný jarðabók fyrir Ísland. (1861). Kaupmannahöfn: J. H. Schultz.

Sögur og Sagnir. (20. febrúar 2019). Sótt frá Geirseyri og Vatnseyri:

<https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/geirseyri-og-vatneyri/>

6. FORNLEIFASKRÁ

Númer: 2906-001

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hnit ISN93: A: 271984.6 N: 575662.9

Lengd: 860m

Breidd: 1m

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Að hluta

Friðlýst: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir: Leiðin liggur upp norðanverðan Litladal og heldur áfram yfir í Tálknafjörð. Leiðin var einungis mæld innan skráningarsvæðisins.

Minjalýsing: Leið sem liggur um dalinn yfir Lambeyrarháls og yfir í Tálknafjörð. Um 250


metrar af leiðinni skemmdust við stígagerð, annars er leiðin mjög vel afmörkuð í landinu. Leiðin er allt að 1m djúp og um 1m breið að jafnaði. Leiðin var einungis mæld innan skráningarsvæðisins, þá um 860m, en hún er mun lengri. Þar sem leiðin var skemmd var hún mæld upp eftir loftmynd.



Mynd 3. Horft norður eftir leið 2906-001.



Mynd 4. Drónamynd af því þar sem leiðin mætir nýja stíginum.

Númer: 2906-002**Hlutverk:** Beitarhús**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 271737.5 N: 575630.2**Lengd:** 12.5m**Breidd:** 5.1m**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Framkvæmdir**Staðhættir:** Í norðanverðum Litladal, skammt frá leið 2906-001.**Minjalýsing:** Grjóthlaðin tóft með grjóthlöðnu hólfi framan á henni, mögulega beitarhús. Inngangur er í SA, NA veggur er verr farinn en SV veggur. Töluvert af grjóti er hrunið innan í*Mynd 5. Horft í SV yfir tóft 2906-002.**Mynd 6. Uppmæling af tóft 2906-002.*

tóftina. Veggjahæð er frá 0.1-1.3m og veggjabreidd er að jafnaði um 1m. Tóftin telst í hættu vegna nálægðar hennar við framkvæmdirnar, en skv. menningarminjalögum eiga friðaðar fornleifar 15m friðhelgað svæði í kring um sig.

Númer: 2906-003

Hlutverk: Virkjun

Tegund: Hleðsla

Hnit ISN93: A: 271469.8 N: 575450.4

Lengd: 26.5m

Breidd: 7m

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Friðlýst: Nei

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Rof

Staðhættir: Virkjunin þverar Litladalsá.

Minjalýsing: Virkjun, grjóthlaðin styrkt með steypu, norðurhlið er steipt. Timbur lokan er enn til staðar og mekanisminn til þess að opna hana líka. Virkjunin er rofin á suðurhlið.

Varnargarður gengur í norður frá virkjuninni, hún er allt að 3.2m há og 7m breið þar sem hún er breiðust. Virkjunin var hlaðin 1911.¹⁶



Mynd 7. Horft norður yfir virkjun 2906-003.



Mynd 8. Horft í norður að virkjun 2906-003.

¹⁶ Hafsteinn Davíðsson, 1969, bls. 152

7. NIÐURSTÖÐUR

Alls voru þrjár fornleifar skráðar á skipulagssvæðinu. Þessi skráning var mótvægisáðgerð af hálfu Minjastofnunar Íslands en stofnunin setti þá kröfu á að leiðin (2906-001) yrði mæld upp áður en framkvæmdir myndu hefjast á ný. Allar minjarnar teljast í hættu en tvær af þeim teljast í hættu vegna framkvæmdanna. Leiðin (2906-001) hefur nú verið mæld upp innan áhrifasvæðis framkvæmdanna og eru þar með skilmálar Minjastofnunar Íslands uppfylltir. Tóft (2906-002) er innan við 15m frá framkvæmdunum og skal sýna mikla aðgát við framkvæmdirnar að hún verði ekki fyrir hnjaski, lagt er til að tóftin verði merkt á meðan á framkvæmdum stendur. Ekki er gerð tillaga af mótvægisáðgerðum fyrir virkjun (2906-003) þar sem hún telst í hættu af náttúrunnar höndum en ekki vegna framkvæmdanna.

NR.	TEGUN D	HLUTVER K	ALDUR	ÁSTAND	HÆTTU MAT	HÆTTUOR SÖK	TILLAGA AF MÓTVÆGISÁÐGERÐ
2906-001	Gata	Leið	1550- 1900	vel greinanleg	mikil hætta	vegagerðar	Fornleifaskráning – lokið
2906-002	Tóft	Beitarhús	1550- 1900	vel greinanleg	hætta	vegagerðar	Merkja tóft á meðan á framkvæmd stendur
2906-003	Hleðsla	Virkjun	1911	vel greinanleg	mikil hætta	rofs	


Tafla 1. Listi af þeim fornleifum sem voru skráðar og tillögur af mótvægisáðgerðum þar sem það á við.

8. KORT



Skýringar

- Staðsetning fornleifa
- Mælingar - línur
- Mælingar - flákar
- Skráningarsvæði



Fornleifar sem skráðar voru vegna stíga-
gerðar í Litladal, Patreksfirði
Mælikvarði 1:3500 Dags. 8.3.2023 Kort 1
Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson